

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

27. október 2016

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Undanfarnar 2 vikur hafa verið viðburðarríkar. Í síðustu viku var vinadagurinn á Sauðárkróki og síðan vetrarfrí. Í vikunni á undan sameinuðust nemendur allra þriggja starfstöðvanna í þemavinnu og danskennslu á Hofsósi fyrir hádegi. Það gekk afskaplega vel og var lokahnykkurinn svo vinakaffi á föstudaginn.

Lofthræddi örninn Örvar

Miðvikudaginn 2. nóvember förum við með nemendur 1. bekkjar á sýningu frá Þjóðleikhúsinu sem sett verður upp í Varmahlíð. Hún ber nafnið „Lofthræddi örninn Örvar“. Sýningin er kl. 11 fyrir hádegi. Sýningin er um 40 mínútur og ættu því nemendur að vera komin heim aftur fyrir hádegismat.

Námsmat

Í þar næstu viku, 7. – 10. nóvember, er námsmatsvika. Ekki er um að ræða sérstaka prófdaga, enda margar leiðir farnar við að meta nemendur. Þeir kennarar sem hyggjast leggja fyrir próf gera það í sínum kennslustundum.

Baldursbrá

Þriðjudaginn 8. nóvember (sem er baráttudagur gegn einelti) fáum við í heimsókn tónlistarmenn sem flytja fyrir okkur ævintýraóperuna Baldursbrá. Þetta er ætlað fyrir 1. – 4. bekk. Sýningin verður í félagsheimilinu Höfðaborg kl. 13:10. Nemendur í þessum aldurshópi frá Hofsósi, Hólum og Sólgorðum sjá þessa sýningu.

Fræðsludagurinn í Skagafirði

Föstudaginn 11. nóvember verður árlegur fræðsludagur leik-, grunn- og tónlistarskóla Skagafjarðar haldinn og því er frí hjá nemendum þann dag.

Starfsdagur

Mánudagurinn 14. nóvember er starfsdagur kennara og því frí hjá nemendum þann dag.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl verða þriðjudaginn 15. nóvember þar sem farið verður yfir vitnisburði nemenda. Þann dag fara nemendur heim á hádegi, eftir að þeir hafa borðað hádegismat. Umsjónarkennarar senda út nánara skipulag fyrir daginn.

Bestu kveðjur,

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi